

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlun:

Deiliskipulagsbreyting, Þóroddsstaðir, L168295, Langirimi.

Gerð er breyting á gildandi deiliskipulagi sem felur í sér stækkun svæðisins og samræmingu götuheita og númerakerfis innan þess. Svæðið sem skipulagið nær yfir er 40 ha að stærð og er á suðaustur hluta jarðarinnar Þóroddsstaða, merkt F44 í aðalskipulagi sveitarfélagsins. Gert er ráð fyrir um 50 frístundalóðum innan deiliskipulagsins eftir gildistöku breytingar.

Samþykkt í sveitarstjórn 21. ágúst 2020.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 29. desember 2020.

Skipulags- og byggingarfulltrúi uppsveita bs.,

Vigfús Þór Hróbjartsson.

B-deild – Útgáfud.: 14. janúar 2021